

Ársskýrsla  
Kvennasögusafns Íslands  
2003

**Reykjavík, febrúar 2004**

# Ársskýrsla Kvinnasögusafns Íslands 2003

Umsjón:  
**Auður Styrkársdóttir**

Yfirlestur:  
Emilía Sigmarsdóttir  
Sigríður Th. Erlendsdóttir  
Stefanía M. Pétursdóttir

## Kvinnasögusafn Íslands

Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík

Sími og símbréf: 525 5779

Netfang: [kona@bok.hi.is](mailto:kona@bok.hi.is)

Veffang: <http://www.kona.bok.hi.is>

## Fjárstyrkir og stuðningur við verkefni 2003:

Fjárlög, rekstrarstyrkur	2.533.745
Menntamálaráðuneyti, styrkur	500.000
Reykjavíkurborg, styrkur	500.000
Menningarsjóður Sjóvár-Almennra, útgáfa á bréfum Augustu Svendsen	200.000
Dansk-Íslandsk fond, útgáfa á bréfum Augustu Svendsen	58.000
Guðrún Kristinsdóttir, skráning á spjaldskrá Rauðsokkahreyfingarinnar	25.000
<u>Menntamálaráðuneytið, útgáfa á <i>Kvinnasögu</i>slóðum í <i>Kvosinni</i></u>	<u>150.000</u>
Samtals:	3.966.745

## **Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands**

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er m.a.ætlað að vera til ráðuneytis um ráðningu starfsmanns Kvennasögusafns; að semja árlega skýrslu um starfsemi safnsins; að gera árlega fjárhagsáætlun fyrir safnið vegna fjárlagagerðar, og að aðstoða að öðru leyti við fjáröflun til safnsins. Stjórnarnefndin hittist að jafnaði mánaðarlega á árinu 2003. Hana skipa:

Emilía Sigmarsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns Sigríður Th.

Erlendsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum

Stefanía María Pétursdóttir (formaður), fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands.

### **Starfsmenn**

Auður Styrkárdsdóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðumanns um mitt ár 2001.

Forstöðumaður er eini fasti starfsmaður safnsins. Ekki var ráðinn starfsmaður í verkefni á árinu 2002.

### **Endurmenntun, ráðstefnur, fundir**

Forstöðumaður sótti námskeiðið ‘Að skrifa fyrir Netíð’ sem haldið var hjá

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2.-4. apríl.

Forstöðumaður sótti fund faglegrar nefndar um norræna ráðstefnu um kvennahreyfingar (sjá nánar undir ‘Á döfinni’, bls. 7) sem haldin var í Lundi, Svíþjóð, 19. ágúst.

Erla Huld Halldórsdóttir sótti fund verkefnisins ATHENA í Lundi, Svíþjóð, 19.-20. ágúst. Forstöðumaður sótti nokkra fundi hjá Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og hjá ýmsum kvennasamtökum.

### **Almennt um starfsemi safnsins**

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði og hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða.

Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit, en einnig annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í

gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá. Í gestabók safnsins rituðu 259 einstaklingar nöfn sín á árinu 2003.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grisjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf veittri um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf veittri í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðumanns: norrænt samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif, fyrirlestrar og fjáröflun. Forstöðumaður átti sæti í undirbúningsnefnd að menningarnótt Landsbókasafns Íslands 2003, en safnið gekkst fyrir opnu húsi undir heitinu „Galdranótt í Þjóðarbókhöllu“ á menningarnótt Reykjavíkurborgar 16. ágúst.

### Útgáfu-, sölu- og kynningarmál

Kvennasögusafn Íslands gaf út bæklinginn *Women's History Walking Trail in Central Reykjavík* á árinu 2003 og lýsir hann gönguleiðum í elsta bæjarhluta Reykjavíkur þar sem konur koma eða hafa komið við sögu. Þessi bæklingur er styttr þýðing á bæklingnum *Kvennasöguslóðir í Kvosinni* sem út kom árið 2002.

Kvennasögusafn sendi bækurnar *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna* og *Margt hafði annan róm* á bókamarkað Félags íslenskra bókaútgefenda sem haldinn var í Smáralind í Kópavogi í febrúar. Hátt á fjórða tug bóka seldust, einkum af hinni fyrrnefndu.

Kvennasögusafn gekkst fyrir göngu þann 19. júní ásamt Kvenréttindafélagi Íslands um slóðir kvenna í Kvosinni. Mjög góð mæting var og seldust um 60 bæklingar af *Kvennasöguslóðum í Kvosinni*.

Þann 17. október opnaði Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum *Kvennagagnabanka* við athöfn í Norræna húsinu. Kvennasögusafn Íslands er einn þeirra aðila sem stendur að baki bankanum. Hér er um að ræða gagnabanka með nöfnum og upplýsingum um konur sem telja sig sérfræðinga á tilteknum sviðum og eru tilbúnar að mæta á fundi, koma fram í fjölmiðlum o.s.frv. Gagnabankinn er geymdur hjá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og slóð hans er: <http://www.kvennaslodir.is>.

Forstöðumaður skrifaði grein um Kvennasögusafn Íslands í tímaritið *Bókasafnið*, 27. árgangur, 2003.

Forstöðumaður skrifaði grein um væntanlega ráðstefnu um kvannahreyfingar á Norðurlöndunum í *Fréttabréf Háskólans*, 4. tbl. 25 árg. des. 2003.

Forstöðumaður skrifaði grein um 8. mars í *Morgunblaðið*, 8. mars 2003.

Forstöðumaður kynnti Kvennasögusafn Íslands á “Opnu húsi í Þjóðarbókhöllu” 2. mars 2003.

Forstöðumaður var gestur þáttarins “Samfélagið í nærmynd” á Rás 2 ríkisútvarpsins 20. mars 2003 og ræddi þar um íslenska kvennabaráttu.

Emilía Sigmarsdóttir kynnti kvöldvökuna og fyrirhugaða ráðstefnu um norrænar kvannahreyfingar í *Morgunblaðinu* 4. desember 2003.

### Sýningar

Kvennasögusafn hleypti af stokkunum sýningaröðinni „Fellingar“ – samvinnuverkefni safnsins, Landsbókasafns og 13 starfandi myndlistarkvenna um mitt ár 2001 og stóð hún fram til loka júlí 2003. Röðin hafði það markmið að varpa ljósi á hlut nokkurra núlifandi myndlistarkvenna í íslenskri listasögu og efla skrásetningu á starfi myndlistarkvenna almennt. Hver sýning stóð í einn mánuð og var tvískipt. Annars vegar í Kvennasögusafni á 4. hæð og hins vegar á opnu svæði fyrir framan útlánadeild á 2. hæð. Auk þess voru á 2. hæð upplýsingar um þá listakonu sem sýndi hverju sinni og tölulegar staðreyndir sem vörpuðu ljósi á hlut kvenna í íslenskri listasögu. Listakonurnar afhentu Kvennasögusafni gögn um listferil sinn. Með því vildu þær hvetja konur til að safna gögnum um eigin sögu.

Listakonurnar sem sýndu á árinu 2003 voru þessar:

29.01. Hafdís Helgadóttir

07.03. Kristveig Halldórsdóttir

08.04. Guðrún Vera Hjartardóttir

13.05. Ólöf Nordal

19. 06. Ósk Vilhjálmsdóttir

Að undirbúningi sýninganna unnu forstöðumaður og Emilía Sigmarsdóttir.

Kvennasögusafn gekkst fyrir sýningu á gögnum og munum íslenskra kvannahreyfingar í samvinnu við Borgarbókasafn og Feministafélag Íslands. Sýningin bar yfirskriftina ‘Áfram stelpur’ og var opnað 11. október í húsnæði Borgarbókasafns við Tryggvagötu. Sýningin stóð til 5. nóvember. Að henni vann forstöðumaður af hálfu Kvennasögusafns Íslands.

Tveir sýningarskápar stóðu í gangi Þjóðarabókhlöðu á 2. hæð frá 2. mars til 1. apríl og voru í þeim nokkur skjöl og munir frá Kvinnalistanum sem varðveittir eru á Kvinnasögusafni. Sýningin var haldin í tilefni þess að á árinu 1983 voru liðin 20 ár frá stofnun Samtaka um kvinnalista. Að sýningunni unnu forstöðumaður og Emilía Sigmarsdóttir.

Þann 4. desember opnuðu Freyja Bergsveinsdóttir og Guðrún Indriðadóttir sýningu á verkum sínum undir heitinu 'Í orði og á borði. Skrifin og leirinn saman á ný'. Á sýningunni voru skálar, vasar og kertastjakar úr steinleir sem listakonurnar höfðu unnið í sameiningu. Guðrún sýndi einnig nokkur verk úr postulíni og Freyja sýndi letur (skrift) á pappír með vísun í handritin. Sýningin var opnuð í tilefni Kvöldvöku Kvinnasögusafns Íslands. Að henni unnu forstöðumaður og Emilía Sigmarsdóttir.

### **Erlent samstarf**

Kvinnasögusafn Íslands er í tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið er skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og er jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin, Nytt fra NIKK* og *News from NIKK*). Forstöðumaður á sæti í faglegri undirbúningsnefnd að ráðstefnu um kvennahreyfingar á Norðurlöndunum sem NIKK heldur dagana 10.-12. júní árið 2004 í samvinnu við Kvinnasögusafn Íslands og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. Forstöðumaður sótti fund faglegrar undirbúningsnefndar í Lundi í Svíþjóð 19.-20. júní, og dagana 13.-15. október komu hingað Lotta Standberg og Guro Kartensen frá NIKK til fundar við hina íslensku undirbúningsnefnd. Stjórnarnefnd Kvinnasögusafns Íslands bauð þeim til hádegisverðar og kynnti þeim safnið.

Safnið er skráð í gagnagrunninn *Mapping the World of Women's Information Services Database* sem rekinn er á vegum IIAV (International Information Centre and Archives for the Women's Movement í Amsterdam. Slóð grunnsins er: <http://www.iiav.nl/mapping-the-world>.

### **Kvöldvaka**

Árleg kvöldvaka Kvinnasögusafns Íslands var haldin 4. desember. Henni er ætlað að vekja athygli á safninu og starfsemi þess, en einnig kvinnasögurannsóknnum og þeim sem þær stunda.

Dagskrá Kvöldvökkunnar var svo:

Sigurlaug Guðmundsdóttir las eigin ljóð

Flautuleikarar úr Tónlistarskóla Reykjavíkur fluttu verk eftir 3 íslenskar konur undir stjórn Hallfríðar Ólafsdóttur. Höfundar verkanna eru Elín Gunnlaugsdóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir og Bára Grímsdóttir.

‘Myndsálar. Konur og veruleiki’.

Hrafnhildur Scham listfræðingur flutti erindi. Í kynningu með erindinu sagði svo:

“Í Listasafni Íslands stendur nú yfir sýningin „Íslensk myndlist 1960- 1980. Raunsæi og veruleiki“. Hrafnhildur mun bregða sterkara ljósi á nokkrar myndlistarkonur sem á þessum tíma voru mjög sýnilegar í íslensku samfélagi og áttu þátt í því að setja fram nýjar hugmyndir um veruleikann og hlutverk listarinnar. Meðal þeirra eru: Anna Þóra Karlsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Jóhanna Bogadóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Róska, Rúrí, Steina Vasulka, Þorbjörg Höskuldsdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir.”

‘Í orði og á borði. Skriftin og leirinn saman á ný’.

Freyja Bergsveinsdóttir og Guðrún Indriðadóttir opnuðu sýningu á verkum sínum. Á sýningunni voru skálar, vasar og kertastjakar úr steinleir sem listakonurnar höfðu unnið í sameiningu. Guðrún sýndi einnig nokkur verk úr postulíni og Freyja sýndi letur (skrift) á pappír með vísun í handritin.

### Sérverkefni

Forstöðumaður tók saman í litla fjölrítaða örk upplýsingar um 8. mars og lét liggja frammi í afgreiðslu Þjóðarbókhöfðu. Einnig var henni dreift á 8. mars á fundi sem Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna og fleiri samtök gengust fyrir.

Forstöðumaður lagði sem fyrr áherslu á fræðslustarfsemi safnsins, einkum gegnum veraldarvefinn. Þar hefur forstöðumaður sett upp skrá um allar íslenskar konur sem lokið hafa doktorsprófi. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Önnu Höllu Björgvinsdóttur, starfsmann á þjóðdeild Landsbóksafns Íslands. Einnig er að finna á vefnum nokkra heimildalista úr sögu íslenskra kvenna. Þá hafa nú bæst við þættir úr íslenskri kvennasögu og gögn þeirra kvenfélaga sem Kvennasögusafn Íslands varðveitir gerð aðgengileg á heimasíðu safnsins. Forstöðumaður vinnur hægt en bítandi að því að skrá sögu hinnar svokölluðu Nýju kvannahreyfingar á vefinn, en sú vinna ræðst af styrkjum sem aflast kunna.

Forstöðumaður sendir kennurum á sviði kynjafræða við H.Í. reglulega ljósrit af efnisyfirlitum tímarita á sviði kvennafræða sem Landsbókasafn kaupir og vekur athygli þeirra á rafrænum aðgangi tímarita.

Fyrir tilstilli VESTNORD-verkefnisins í Landsbókasafni Íslands—Háskólabókasafni má nú lesa á veraldarvefnum (<http://www.timarit.is>) *Kvennablaðið* er Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf



út, blaðið *Framsókn* sem gefið var út á Seyðisfirði og í Reykjavík og blaðið *Forvitin rauð* sem Rauðsokkahreyfingin gaf út.

## Á döfinni

Byrjað var á því á árinu að flytja handrit Kvennasögusafns af 4. hæð í traustar geymslu í kjallara Þjóðarbókhöllu. Væntanlega mun því verki ljúka á árinu 2004, en þó ræðst það af plássi í hinum traustu geymslum.

Viðamesta verkefni safnsins á árinu 2004 verður ráðstefnan “Kvennahreyfingar—innblástur, íhlutun, irringar” (Kvinnorörelser—inspiration, intervention, irritation) sem haldin verður í Reykjavík 10.-12. júní. Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum hafa veg og vanda að undirbúningi ráðstefnunnar í Reykjavík. Búið er við að þátttakendur verði á bilinu 250-300 frá öllum Norðurlöndunum ásamt einhverjum frá Eystrasaltlöndum og Rússlandi. Ráðstefnan hefur hlotið styrk frá Norrænu ráðherranefndinni, Nordisk kulturfond, félagsmálaráðuneytinu og Háskóla Íslands.

Annað viðamikið verkefni verður sýning í Þjóðarbókhöllu sem tileinkuð verður kvennahreyfingum á Íslandi og styrkt af Nordisk kulturfond. Notuð verða gögn Kvennasögusafns Íslands og mun forstöðumaður setja hana upp ásamt Emilíu Sigmarsdóttur. Forstöðumaður mun kalla til sérfræðinga til þess að vinna að hugmyndum varðandi sýninguna.

## Aðföng 2003

Talsvert magn bæklinga og fréttabréfa berst safninu og er það efni til notkunar í rými safnsins á 4. hæð í Þjóðarbókhöllu. Fjárveiting leyfir ekki bóka- eða tímaritakaup en árlega berast safninu einhver gjafaeintök bóka frá stofnunum á sviði kvennasögu og kynjafræða á hinum Norðurlöndunum.

Safnið fær *NIKK Magasin* og *News from NIKK* og einnig berast því endurgjaldslaust tímaritin *Genus* frá Svíþjóð, *Kvast* frá Finnlandi, *Kvinneforskning* og *Bulletin* frá Noregi.

Forstöðumaður leggur árlega fram nokkrar beiðnir um bókakaup til Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns og er þeim beiðnum vel sinnt.

### Árið 2003 var eftirfarandi skráð í aðföng Kvennasögusafns Íslands:

#### I. Handrit:

**17. febrúar** Um hendur Halldóru J. Rafnar bárust tvær fundagerðabækur Málfundafélagsins Aþenu, stofnað af stúlkum í Menntaskólanum í Reykjavík árið 1964 og er síðasta fundagerðin rituð 1971. Bækurnar voru afhentar Kvennasögusafni Íslands 1979 en hafa farið á flakk og eru nú endurheimtar og skráðar í safnið

**6. mars** Sigríður Dúna Kristmundsdóttir færir safninu bréf Önnu Sigurðardóttur frá 24. apríl 1983 þar sem Kvennasögusafn Íslands fagnar glæsilegum sigri Samtaka um kvennalista við kosningar til Alþingis 23. apríl 1983

**7. mars** Guðfinna Guðmundsdóttir, Hringbraut 22, afhenti nokkur bréf til tengdamóður sinnar, Ingibjargar Ólafsdóttur Þórðarson, f. Briem (1886-1953), ásamt bókum úr safni hennar, mestmegnis kennslubækur á ensku og frönsku. Einnig fyldi með æviágrip. Gerð verður skrá yfir ritin og þau afhent aðfangadeild

**24. mars** Um hendur Stefaníu Maríu Pétursdóttur bárust gögn úr fornum Sigríðar Thorlacius (f. 1913), fyrrv. formaður Kvenfélagsambands Íslands, fyrrv. formaður Norræna Húsmæðrasambandsins, fv. ritstjóri Húsfreyjunnar, einn af stofnendum Styrktarfélags vangefinna og blaðamaður dagblaðsins Tímans. Sigríður Thorlacius var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir margvísleg störf að félags- og velferðarmálum.

Gögnin sem Stefanía afhenti lúta að Norræna húsmæðrasambandinu og Alþjóðsambandi húsmæðra. Þau verða skráð í Kvennasögusafni Íslands

**27. mars** Gögn Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands bárust í safnið. Meðal gagna eru fundarbækur Landsspítalasjóðs frá 1916

**21. maí** Kvenfélagið Hringurinn í Reykjavík færir safninu gögn þau sem notuð voru til þess að vinna bókina *Hringurinn í Reykjavík stofnaður 1904 – Starfssaga* e. Björgu Einarisdóttur og geymir sögu Hringingsins frá upphafi

**29. september** Hildur Eyþórsdóttir færir safninu gögn Hvítabandsins sem ekki fylgdu afhendingu 13. nóv. 1997, svo og gögn 1997-2002:  
Vérlituð skrá yfir rithandasafn Hvíta bandsins 1901-1990  
Vérlitaður nafnalisti yfir „þær konur sem sent hafa inn upplýsingar, en hafa hvorki setið í stjórn né nefndum“  
Listi yfir stjórnir 1895-1991 (merkt Hjálpargagn)  
Nefndir og ráð (merkt Hjálpargagn)  
Vérlituð skrá yfir félagi í Hvíta bandinu árið 1931  
Vérlituð skrá yfir félagi í Hvíta bandinu árið 1964  
Vérlituð skrá yfir forystukonur Hvíta bandsins  
Ljósmyndir  
Vérlitaðar fundargerðir stjórnarfunda 24.3.1997-19.4.2002  
Fundarboð 1995-2002  
Bréf og skýrslur

**16. október** Um hendur Stefaníu M. Pétursdóttur barst handskrifuð ættartala Jakobs Guðmundssonar, skráð af Helgu Jakobsdóttur sem fædd var og uppalin í Kanada. Með fylgir greinargerð um Helgu skrifuð af Stefaníu M. Pétursdóttur eftir Sigríði Thorlacius en Helga var sömu ættar og amma Sigríðar

**25. október** Guðrún Kristinsdóttir (f. 1945), Bárugranda 11, Reykjavík, færir safninu spjaldskrá Rauðsokkahreyfingarinnar sem notuð var síðustu árin sem hún starfaði (leyst upp 1982)

**13. nóvember** Anna Jensdóttir, Ljósvallagötu 18, gefur hlutabréf móður sinnar, Olgu Valdemarsdóttur, í Kvennaheimilinu. Hlutabréfið er dagsett 1. júní 1926

## II. Annað:

**15. janúar** NIKK sendir safninu eintak af *Subjekt, politik och könskonstruktion: de jämställda Norden som framtidsverkstad*. Rapport från en nordisk forskningskonferens 28.2.-1.3.2002, Stockholm

**20. febrúar** Frá Rannsóknastofu í kvennafræðum bárust eftirfarandi rit: *The Making of European Women's Studies, vol. III* og *The Making of European Women's Studies, vol. IV*, gefin út af Athena (Advanced Thematic Network in Activities in Women's Studies in Europe. Sent til aðfangadeildar

**7. mars** Kristveig Halldórsdóttir afhendir ritgerð sína *Håndlaget papir som uttrykksmiddel*, skrifaða við Statens Håndverks og Kunstindustriskole í Osló í desember 1997

**17. mars** Guðborg Jónsdóttir afhendir safninu eintak af *Gagn og gaman austfirskra kvenna* og *Gagn og gaman austfirskra kvenna II*

**27. mars** Um hendur Sigsteins Pálssonar, Hlaðhömrum 2, Mosf., bárust eftirfarandi munir: silfurskeiðar Bjargar C. Þorláksson og Sigfúsar Blöndal með ágröfnu fangamarki þeirra, kápuskjöldur Bjargar og leikhúskíkir Bjargar. Munir þessir eru úr búi Helgu Magnúsdóttur (Þorlákssonar) og Sigsteins Pálssonar

- 5. apríl** Þorsteinn Antonsson færði safninu ritgerð Ólafs Davíðssonar „Bókmenntir kvenna“ er hann ritaði 1881 í fundagerðabók Bandamannafélagsins í Lærða skólanum. Ritgerðina skrifaði Þorsteinn upp og lét fylgja með á tölvudisklingi
- 14. apríl** Safninu barst ritið *Køn í forskning, forskning i køn*, útgefið af Koordinationen for kønsforskning 2003, Københavns Universitet, 2003
- 13. júní** Kvinnohistoriska Samlingarna við Göteborgs Universitet sendir ritið *Kön, makt, völd*. Konferensrapport från det sjunde nordiska kvinnohistorikermöte 8-11 augusti 2002, Göteborg. Sent í aðföng Landsbókasafns
- 1. júlí** Else Mie Einarsdóttir færir safninu bókagjöf, sbr. aðfangaskrármöppu. Sent í aðföng Landsbókasafns
- 9. september** Halla Mjöll Hallgrímsdóttir, Arkarholti 3, Mosfellsbæ, sendir safninu ljósrit af frásögn ömmu hennar, Sigríðar Björnsdóttur, af uppvexti föður hennar, Hallgríms Hallgrímssonar (Spánarfara). Þórhallur Sigurðarson leikari hafði fundið frásögnina í plöggum föður síns sem var ritstjóri Þjóðviljans. Einnig fylgir ljósrit af fjórum bréfum Hallgríms til móður sinnar.
- 25. september** Guðrún Ólafsdóttir færir safninu bókakassa., sbr. aðfangaskrármöppu. Sent í aðföng Landsbókasafns
- 11. nóvember** Ingibjörg Leifsdóttir færir safninu *Æviminningabók Menningar- og minningarsjóðs kvenna II og III*. Fært í aðföng Landsbókasafns
- 11. nóvember** Elísabet Bjarnadóttir, Sefgörðum 2, Seltjarnarnesi, færir safninu 4 bækur úr flokknum *Woman Alive*
- 17. nóvember** Um hendur Auðar Styrkársdóttur bárust safninu nokkur eintök af konsingabæklingum og fréttabréfum Kvinnalistans frá Herdísi Helgadóttur, Eyjabakka 5. Einnig hljómplatan *Áfram stelpur*, jólakort Rauðsokkahreyfingarinnar 1977 með teikningu Sigrúnar Eldjárn, barmmerki frá rauðsokkum, 10 útvarpsþættir fluttir á árinu 1972 á segulbandsspólum ásamt útskrift, heftið 8. mars útg. 1977, 1. tbl. 1. árg af blaðinu *Kvennasmiðja*, útg. af '85 nefndinni 1985, 1.tbl. 1. árg. af blaðinu *Jafnrétti*, útg. af jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar 1991, og eintak af bæklingi *Könnun á lífskjörum og högum Sóknarkvenna 1976*, útg. af Starfsmannafélaginu Sókn, 1977